



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 30. mars 2020

USK2020030042

Borgarráð

Gönguleiðir í eldri hverfum, endurnýjun 2020.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun gönguleiða í eldri hverfum á árinu 2020.

Alls verða endurnýjaðir um 2 km af gangstéttum og öðrum gönguleiðum. Verkefnin eru að hluta til unnin í samstarfi við Veitur ohf. vegna endurnýjunar á lagnakerfum.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2020 er 200 mkr.

Greinargerð:

Um er að ræða verkefni á eftirfarandi stöðum:

Barðavogur 1-21, Eyrarland að austan milli Bjarmalands og Brúnalands, Kaplaskjólsvegur milli Hagamels og Víðimels, Skógarsel milli Stokkasels og Skagasels, Stigahlíð að vestan frá Hamrahlíð, Egilsgata norðan milli Snorrabrautar og Barónsstígs, Leifsgata milli Þorfinnsgötu og Barónsstígs, Barónsstígur milli Eiríksgötu og Leifsgötu, Vífilsgata milli Snorrabrautar og Gunnarsbrautar. Þá verður lokið við verkefni við Suðurgötu að austan milli Hringbrautar og Sturlugötu, malbikaðan stíg í Elliðaárdal við Heimahvamm og malbikaðan stíg við Völvufell / Unufell.

Gönguleiðir meðfram götum eru steiptar eða hellulagðar. Í göngu- og hjólastíga er notað endurunnið malbik í samræmi við markmið Reykjavíkurborgar.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2020: 200 mkr.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds